

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 27. maí 2026.

Mál nr. 278/2026:

A,

B og

C

(Jóhannes Bjarni Björnsson lögmaður)

gegn

D

(Vilhjálmur Þ.Á. Vilhjálmsson lögmaður)

Lykilorð

Dánarbú. Erfðaskrá. Opinber skipti. Arfleðsluhæfi. Ómerking.

Útdráttur

Ágreiningur aðila laut að því hvort taka bæri til opinberra skipta dánarbú E. E hafði gert erfðaskrá sem dagsett var 12. nóvember 1999 þar sem hann arfleiddi A, B og C, þrjár af fjórum systur sínum, að öllum eignum sínum. D, fjórða systirin, vefengdi erfðaskrá E á þeim grundvelli að hann hefði ekki verið til þess bær að gera erfðaskrá sökum þroskaskerðingar. Landsréttur taldi að það hvíldi á D að sanna að E hefði brostið hæfi til að ráðstafa eignum sínum á skynsamlegan hátt með erfðaskrá. Sú sönnunarfærsla fór ekki fram fyrir héraðsdómi og því felldi Landsréttur hinn kærða úrskurð úr gildi og vísaði málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðilar skutu málinu til Landsréttar með kæru 8. apríl 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 24. apríl 2026. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2026 í málinu nr. Q-[...]/2025 þar sem fallist var á kröfur varnaraðila um að dánarbú E yrði tekið til opinberra skipta og sóknaraðilum gert að greiða varnaraðila 450.000 krónur í málskostnað. Kæruheimild er í 1. mgr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti dánarbúa o.fl.
- Sóknaraðilar krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að kröfu varnaraðila um að dánarbú E verði tekið til opinberra

skipta verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila vegna reksturs málsins í héraði auk kærúmálskostnaðar fyrir Landsrétti.

- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærúmálskostnaðar.

Niðurstaða

- 4 Líkt og rakið er í hinum kærða úrskurði lýtur ágreiningur aðila að því hvort taka beri til opinberra skipta dánarbú E sem lést [...]. Þá er einnig ágreiningur um arfleiðsluhæfi E og þá hvort erfðaskrá sem hann skildi eftir sig sé gild. E skildi eftir sig erfðaskrá sem dagsett er 12. nóvember 1999, þar sem hann arfleiddi sóknaraðila, þrjár af fjórum systra sinna, að öllum eignum sínum. Erfðaskráin er undirrituð af E og undir arfleiðsluvottorð rita tveir vitundavottar, annars vegar F og hins vegar G sem er fallin frá.
- 5 Varnaraðili vefengdi erfðaskrá E á þeim grundvelli að hann hafi búið við þroskaskerðingu allt sitt líf og því ekki verið til þess bær að gera erfðaskrá, auk þess sem dregið er í efa að hann hafi gert hana sjálfur. Sóknaraðilar hafa andmælt þessum staðhæfingum og lagt fram yfirlýsingar til stuðnings þeim andmælum. Með hinum kærða úrskurði var fallist á kröfu varnaraðila um að bú E verði tekið til opinberra skipta.
- 6 Varnaraðili í málinu er lögerfingi hins látna líkt og sóknaraðilar sem jafnframt eru bréferfingar hans.
- 7 Varnaraðili byggir kröfu sína á 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Hún sé lögerfingi hins látna og geti á þeim grundvelli gert kröfu um að bú hans verði tekið til opinberra skipta. Varnaraðili kveðst vefengja erfðaskrána sem E gerði árið 1999 en sóknaraðilar teljast til bréferfingja á grundvelli hennar. Varnaraðili nefnir ýmis rök fyrir ógildingu erfðaskrárinnar eins og nánar er rakið í hinum kærða úrskurði en tekur þó einnig fram að það þurfi ekki að sanna ógildi erfðaskrárinnar á þessari stundu, heldur sé nægjanlegt að uppi sé ágreiningur um gildi hennar. Erfingi hafi skilyrðislaus heimild til að óska eftir opinberum skiptum, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991.
- 8 Sóknaraðilar byggja meðal annars á því að leggja beri fyrrgreinda erfðaskrá til grundvallar við skipti á bú E enda hafi varnaraðili engan reka gert að því að sýna fram á að E hafi ekki verið fær um að ráðstafa eignum sínum. Skrifleg yfirlýsing fyrrum samstarfskonu E, sem ekki hafi gefið skýrslu fyrir dómi, geti ekki talist haldbær sönnun fyrir því að hann hafi skort arfleiðsluhæfi. Þar sem varnaraðili sé ekki á meðal erfingja samkvæmt erfðaskrá geti hún ekki átt kröfu um að bú E verði tekið til opinberra skipta.
- 9 Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 getur erfingi krafist þess að dánarbú verði tekið til opinberra skipta hafi skiptum ekki verið lokið vegna eignaleyfis búins eða með veitingu leyfis til setu í óskiptu bú, hvort sem leyfi hefur áður verið veitt til einkaskipta eða ekki. Samkvæmt orðanna hljóðan mælir ákvæðið fyrir um rétt erfingja

í þessum efnum að þeim skilyrðum uppfylltum að skiptum hafi ekki verið lokið með nánar tilteknum hætti. Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði njóta erfingjar víðtæks réttar til þess að krefjast þess að dánarbú sé tekið til opinberra skipta.

- 10 Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði kemur fram í athugasemdum við 38. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 20/1991 að regla 1. mgr. ákvæðisins heimili hverjum erfingja fyrir sig að gera kröfu um að dánarbú verði tekið til opinberra skipta hvort sem arfshluti hans er stór eða lítill og með öllu án tillits til vilja annarra erfingja. Þá segir að ekki sé heldur mælt fyrir um neina nauðsyn þess að sá sem vilji krefjast opinberra skipta eftir þessari heimild sýni að fyrri bragði fram á réttmæti arfstilkalls síns. Þvert á móti sé ætlast til þess, ef ágreiningur rís til dæmis milli tveggja manna um það hvor þeirra skuli talinn einkaerfingi hins látna, geti hvor þeirra um sig leitað úrlausnar um þann ágreining með því að krefjast opinberra skipta og stutt rétt sinn til þess við þá forsendu að hann sé með réttu erfingi. Niðurstaða um þá kröfu myndi þá ráðast af því hvort arfstilkall hans væri talið á rökum reist.
- 11 Hvað sem líður víðtækum rétti erfingja til þess að krefjast þess að dánarbú sé tekið til opinberra skipta, þá verður ráðið af framangreindum athugasemdum við 38. gr. að við úrlausn þess hvort heimila eigi opinber skipti þá þurfi sá sem krefst þeirra að sýna fram á einhver lágmarkslíkindi fyrir því að hann eigi arfstilkall, sbr. það sem segir um að niðurstaða um kröfu um opinber skipti á dánarbúi „myndi þá ráðast af því hvort arfstilkall hans væri talið á rökum reist“, sbr. einnig dóm Hæstaréttar 8. apríl 2026 í máli nr. 60/2025.
- 12 Í málinu liggur hvorki fyrir matsgerð dómkvadds manns né önnur viðhlítandi sönnun fyrir því að E hafi brostið hæfi til þess að gera umrædda erfðaskrá. Slíks sönnunargagns var varnaraðila þó í lófa lagið að afla samkvæmt þeim reglum sem gilda um meðferð ágreiningsmáls vegna kröfu um opinber skipti, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991 og IX. kafla laga nr. 91/1991. Því verður krafa varnaraðila ekki tekin til greina á þeim grunni að fram sé komin sönnun um að erfðaskráin hafi verið efnislega ógild vegna skorts á arfleðsluhæfi hins látna.
- 13 Samkvæmt framansögðu hvílir það á varnaraðila að sanna að E heitnum hafi brostið hæfi til að ráðstafa eignum sínum á skynsamlegan hátt með erfðaskrá. Sú sönnunarfærsla fór ekki fram fyrir héraðsdómi. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.
- 14 Málskostnaður í héraði bíður efnisúrlausnar í málinu.
- 15 Varnaraðila verður gert að greiða sóknaraðilum kærumálskostnað eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum A, B og C hverri um sig 150.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2026

Mál þetta barst dóminum með bréfi sóknaraðila, D, dags. 10. nóvember 2025, sem mótttekið var 11. s.m. Varnaraðilar eru A, [...], B, [...] og C, [...].

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að fram fari opinber skipti á dánarbúi E, kt. [...], sem féll frá þann [...]. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað, auk greiðslu málskostnaðar.

I

Málsatvik

Málsaðilar eru systur E, sem var fæddur [...] og lést þann [...]. E var ókvæntur og barnlaus og átti síðast lögheimili að [...] í Reykjavík. Hann skildi eftir sig erfðaskrá, dags. 12. nóvember 1999, þar sem hann arfleiddi varnaraðila, þrjár af fjórum systra sinna, að öllum eignum sínum. Erfðaskráin er undirrituð af E og undir arfleiðsluvottorð rita tveir vitundarvottar, annars vegar F og hins vegar G sem er fallin frá.

Varnaraðilar sóttu um leyfi til einkaskipta, og var það gefið út af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu 13. október 2025. Skiptum á dánarbúinu er ekki lokið.

Helstu eignir dánarbúsins eru fasteignin að [...], Reykjavík, fnr. [...]. Fasteignamat fyrir árið 2026 er [...] krónur. Áhvilandi á fasteigninni er lán frá Brú lífeyrissjóði að höfuðstólsfjárhæð 12.500.000 krónur, útgefið 9. janúar 2015.

Með bréfi sóknaraðila, dags. 10. nóvember 2025 til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, er gildi erfðaskrár E vefengt á þeim grundvelli að E hafi glímt við þroskaskerðingu allt sitt líf. Hann hafi því ekki verið til þess bær að gera erfðaskrá, auk þess sem dregið er í efa að hann hafi gert hana sjálfur. Með bréfi sóknaraðila til sýslumanns fylgdi rafræn undirrituð yfirlýsing F, dags. 7. nóvember 2025, sem hafði vottað erfðaskrána á sínum tíma. Segir í yfirlýsingu F nánar að hann væri þess ekki minnugur að hafa ritað undir erfðaskrá fyrir E og að hann hafi oft skorað á E að gera erfðaskrá í gegnum tíðina. Ef hann hefði einhvern tímann vottað eitthvað fyrir hann, þá hefði það verið gert án þess að hann hafi vitað eða munað hvað hann hefði verið að votta. Stundum hafi E beðið hann um að votta án þess að sýna sér það.

Framangreind yfirlýsing F kom varnaraðilum á óvart og því óskuðu varnaraðilar eftir nánari skýringum frá F varðandi greinda yfirlýsingu. Af því tilefni ritaði F nýja yfirlýsingu, með rafrænni undirritun 1. desember 2025. Í henni lýsir F aðdraganda að fyrri yfirlýsingu sinni. Hann hafi fengið óvænt símtal þar sem hann hafi verið spurður hvort hann hafi vottað erfðaskrá E heitins. Í því símtali hafi hann ekki rekið minni til þess og hafi fallist á að staðfesta það skriflega. Honum hafi þó ekki verið sýnd erfðaskráin eða hann beðinn um að kannast við vottun sína. Eftir að hann hafi fengið afrit af erfðaskránni hafi rifjast upp fyrir honum atvik málsins sem hann geri grein fyrir í yfirlýsingunni. Með henni staðfestir F að hann hafi ásamt þáverandi samstarfskonu sinni vottað erfðaskrána að beiðni E sem hafi komið á vinnustað hans í þeim tilgangi að fá vottun á erfðaskrá sem hann hafði látið útbúa fyrir sig.

Í beiðni sóknaraðila kemur fram að hún telji erfðaskrána ekki gilda, muni krefjast ógildingar hennar og telji engar forsendur fyrir því að E hafi skilið hana eftir sem erfingja sinn.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu F, H og I. Verður framburði þeirra lýst í niðurstöðum úrskurðarins eftir því sem tilefni gefur til.

II

1. Helstu málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðili andmælir gildi erfðaskrárinnar. Krefst hún opinberra skipta með vísan til 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. um að dánarbú skuli tekið til opinberra skipta ef erfingi krefjist þess hvort heldur leyfi hafi verið veitt til einkaskipta eður ei.

Um gildi erfðaskrárinnar er á því byggt af hálfu sóknaraðila að E heitinn hafi glímt við þroskaskerðingu allt sitt líf. Hann hafi því ekki verið bær til að gera erfðaskrá sjálfur. Þá séu engar forsendur fyrir því að E skildi sóknaraðila eftir sem erfingja sinn.

Einnig er á því byggt að ekki hafi verið staðið með réttum hætti að vottun erfðaskrárinnar. F hafi staðfest að hann hafi aldrei ritað undir eða vottað erfðaskrá fyrir E, auk þess sem fleiri annmarkar séu á arfleiðsluvottorðinu. Þess sé ekki getið hver hafi kvatt vottana til að votta arfleiðsluna, sbr. 1. mgr. 42. gr. erfðalaga. Þá komi ekki fram í erfðaskránni að E hafi verið heill heilsu andlega eða hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá. Þá sé það ekki upplýst með skýrum hætti hvar hafi verið ritað undir og heldur ekki heimilisfang votta, sbr. 3. mgr. 42. gr. erfðalaga.

Sóknaraðili byggir á því að erfingi hafi heimild til að óska eftir opinberum skiptum krefjist hann þess og einkaskiptum sé ekki lokið, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Þá sé hugtakið erfingi í skilningi ákvæðisins túlkað víðtækt og falli þar undir lögerfingi sem eigi arfstilkall ef erfðaskrá er felld úr gildi eins og eigi við í máli þessu.

Sóknaraðili hafi vefengt erfðaskrána og borið fram andmæli sín við þá sem hafi staðið að einkaskiptunum, sbr. 47. gr. erfðalaga, og gert kröfu um opinber skipti.

2. Helstu málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðilar mótmæla kröfu sóknaraðila. Fyrir liggir erfðaskrá þar sem sóknaraðili er ekki á meðal erfingja og því geti hún ekki átt kröfu um að bú E verði tekið til opinberra skipta. Þá er mótmælt efnislega að annmarkar séu á erfðaskránni þannig að varði ógildi hennar, auk þess sem því er alfarið hafnað að E hafi verið þroskaskertur og ekki til þess bær að gera erfðaskrá.

Til þess að sóknaraðili eigi kröfu til þess að dánarbú E verði tekið til opinberra skipta þarf hún að sýna fram á að fyrir hendi séu gallar á erfðaskrá E sem geti leitt til ógildingar hennar, þ.e. að uppi sé vafi um það hverjir geti kallað til arfs eftir E. Til þess að slíkur vafi teljist fyrir hendi þurfi sóknaraðili að færa fram haldbær rök fyrir því að fyrir hendi séu atvik eða aðstæður sem gætu leitt til ógildingar á erfðaskránni samkvæmt ákvæðum erfðalaga. Haldlausar staðhæfingar dugi ekki. Telja varnaraðilar að sóknaraðila hafi ekki tekist að færa fram rök eða gögn til staðfestingar á því að uppi sé vafi um gildi erfðaskrár E og því beri að hafna beiðni sóknaraðila um opinber skipti.

III

Niðurstæða

Ágreiningur í máli þessu lýtur að því hvort taka beri til opinberra skipta dánarbú E sem féll frá [...]. E lét eftir sig erfðaskrá, þar sem hann arfleiðir þrjár systur sínar, varnaraðila máls þessa, að öllum eignum sínum. Sóknaraðili, sem er fjórða systir E, telst lögerfingi hans, en er ekki á meðal bréferfingja samkvæmt erfðaskrá E.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Hún sé lögerfingi hins látna og geti á þeim grundvelli gert kröfu um að bú hans verði tekið til opinberra skipta, auk þess sem sóknaraðili vefengir gildi erfðaskrár þeirrar sem E gerði á árinu 1999. Varnaraðilar mótmæla kröfu sóknaraðila um opinber skipti á þeim grundvelli að sóknaraðili þurfi að sýna fram á að fyrir hendi séu gallar á erfðaskrá E sem geti leitt til ógildingar hennar til þess að geta krafist opinberra skipta. Engir slíkir ágallar séu til staðar og því beri að hafna kröfu sóknaraðila.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 getur erfingi krafist þess að dánarbú verði tekið til opinberra skipta hafi skiptum ekki verið lokið vegna eignaleysis búsins eða með veitingu leyfis til setu í óskiptu búi hvort sem leyfi hefur áður verið veitt til einkaskipta eða ekki. Samkvæmt orðanna hljóðan

mælir ákvæðið fyrir um skilyrðislausan rétt erfingja í þessum efnum að þeim skilyrðum uppfylltum að skiptum hafi ekki verið lokið með nánar tilteknum hætti.

Í athugasemdum um 38. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 20/1991 kemur fram að regla 1. mgr. ákvæðisins heimili hverjum erfingja fyrir sig að gera kröfu um að dánarbú verði tekið til opinberra skipta hvort sem arfshluti hans er stór eða lítill og með öllu án tillits til vilja annarra erfingja. Þá skipti heldur ekki máli í þessu sambandi hvort erfingjar hafi áður fengið leyfi til einkaskipta. En hafi það verið veitt geti erfingi gripið til þessa ráðs upp á eindæmi sitt og komið því til leiðar að dánarbúið hverfi úr einkaskiptum hvort sem slíkt kunni að stafa af ósamkomulagi erfingja eða öðrum sökum. Þá segir einnig í athugasemdum að ekki sé heldur mælt fyrir um neina nauðsyn þess að sá sem vilji krefjast opinberra skipta eftir þessari heimild sýni að fyrra bragði fram á réttmæti arfstilkalls síns. Þvert á móti sé ætlast til að ef ágreiningur risi t.d. milli tveggja manna um það hvor þeirra skuli talinn einkaerfingi hins látna geti hvor þeirra sem er leitað úrlausnar á þeim ágreiningi með því að krefjast opinberra skipta og stutt rétt sinn til þess við þá forsendu að hann sé með réttu erfingi. Niðurstaða um þá kröfu mundi þá ráðast af því hvort arfstilkall hans væri talið á rökum reist.

Sóknaraðili er lögerfingi E og hefur vefengt gildi erfðaskrárinnar. Samkvæmt skýrum orðum ákvæðis 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 og athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 20/1991, svo og með hliðsjón af dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 8. janúar 2018 í máli nr. 808/2017 og 25. júní 2008 í máli nr. 339/2008, getur erfingi, þ.m.t. lögerfingi, krafist opinberra skipta á dánarbúi arfleifanda á grundvelli ákvæðisins. Þá þarf erfingi sem krefst opinberra skipta ekki að sýna fram á réttmæti arfstilkalls síns, svo sem að sýna fram á að fyrir hendi séu gallar á erfðaskrá sem geti leitt til ógildingar til þess að geta farið fram á opinber skipti, sbr. dóm Hæstaréttar 4. september 2014 í máli nr. 520/2014. Með öðrum orðum girðir vafi eða ágreiningur um arfstilkall samkvæmt erfðaskrá ekki fyrir heimild erfingja til að krefjast opinberra skipta á dánarbúi arfleifanda á grundvelli 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991.

Með skírskotun til þess er að framan greinir er fallist á kröfu sóknaraðila eins og hún er sett fram og nánar greinir í úrskurðarorði.

Samkvæmt úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991, verður varnaraðilum sameiginlega gert að greiða sóknaraðila málskostnað eins og nánari greinir úrskurðarorði.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Fallist er á kröfu D um að dánarbú E, kt. [...], sem lést [...] og var síðast til heimilis að [...], Reykjavík, verði tekið til opinberra skipta.

Varnaraðilar greiði sóknaraðila 450.000 krónur í málskostnað.